



DRÖG

Hellaskoðun

Sértæk gæðaviðmið nr. 209

5. útgáfa 2022

FERÐA
MÁLA
STOFA

ICELANDIC
TOURIST
BOARD



Eftirfarandi gæðaviðmið eru fyllt út af fulltrúa fyrirtækisins. Nauðsynlegt er að gefa greinagóðar upplýsingar um það hvernig hvert og eitt viðmið, sem á við starfsemi fyrirtækisins, er uppfyllt t.d. með tilvísun í gæðahandbók, öryggisáætlanir, myndir eða önnur gögn. Í vettvangsheimsókn sannreynir úttektaraðili upplýsingarnar.

209-1	Öryggi	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
209-1.1	Fyrir hverja ferð er til ferðaáætlun (skrifleg lýsing) þar sem m.a. er fjallað um leiðir sem fara skal, tímaáætlun og fyrirkomulag ferðar.			
209-1.2	Til er gátlisti um öryggisbúnað í ferðum t.d.: <ul style="list-style-type: none"> a. Búnað til að veita fyrstu hjálp. b. Fjarskiptabúnað. c. Leiðsögutæki. d. Ljós/hjálma/mannbrodda. e. Aukafatnað. f. Flautur og ýlur. g. Línur. h. Annað eftir aðstæðum í hverri ferð. 			
209-1.3	Til er skrifleg áætlun um viðhald, þrif og endurnýjun öryggisbúnaðar. Í henni er m.a. fjallað um eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> a. Reglulega skoðun og prófun búnaðar. b. Sótthreinsun og þrif á búnaði. c. Líftíma búnaðar m.t.t. aldurs og notkunar (sjá viðurkennd viðmið framleiðanda). 			
209-1.4	Í undirbúningi fyrir hverja ferð fara leiðsögumenn yfir gátlista þar sem fram koma atriði varðandi m. a.: <ul style="list-style-type: none"> a. Ferðaáætlun og leiðir sem fara skal. b. Veðurspá. c. Búnað. d. Upplýsingar um viðskiptavini. e. Að viðbragðsáætlanir séu ávallt með/aðgengilegar í ferðum. 			

209-1.5	Til er gátlisti fyrir leiðsögumenn um þau öryggisatriði sem farið er yfir með viðskiptavinum fyrir ferð og á meðan á ferð stendur m.a. varðandi: <ul style="list-style-type: none"> a. Staðhætti og veðurskilyrði. b. Tímaáætlun. c. Öryggisráðstafanir þar sem gæta þarf sérstakrar varúðar vegna aðstæðna. d. Viðeigandi skjólfatnað og búnað. e. Næringu, drykkjarföng og aðgengi að vatni í ferð. f. 112 neyðarnúmer á Íslandi. 			
209-1.6	Til eru skrifleg viðmið um fjölda viðskiptavina á hvern leiðsögumann eftir aðstæðum í hverri ferð.			
209-1.7	Fyrirtækið hefur sett sér skriflegar viðmiðunarreglur um hvenær beri að aflýsa ferð vegna veðurs.			
209-2	Umhverfi	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
209-2.1	Ávallt eru notaðir merktir vegir eða viðurkenndir ökuslóðar. Þar sem þess er ekki kostur, s.s. að vetralagi, er forðast að aka um svæði þar sem náttúrufar er viðkvæmt, sbr. gildandi lög um náttúruvernd.			
209-2.2	Lýsingu og merkingu gönguleiða er haldið í lágmarki í og við hella.			
209-2.3	Aflað er vísindalegra upplýsinga og tilskilinna leyfa áður en nokkrar breytingar eru gerðar á hellismunnum þar sem breytingar á loftstreymi geta m.a. valdið uppþornun tegunda.			
209-2.4	Hellar eru ekki notaðir sem salernisaðstaða. Viðskiptavinir eru fræddir um salernisúrræði þar sem hefðbundin aðstaða er ekki fyrir hendi.			
209-2.5	Allur úrgangur sem ekki brotnar niður í náttúrunni, t.d. rafhlöður eða karbíð, er fjarlægður úr hellum og gengið frá honum á			

	viðeigandi, ábyrgan hátt. Fyrirtækið notar endurhlaðanleg rafkerfi þar sem því verður við komið.			
209-2.6	Matar er ekki neytt í hellum.			
209-2.7	Fyrirtækið notar galvaniseraða klettbolta eða bolta úr ryðfríu stáli og fjarlægir allan fastabúnað (stuðnings- og klifurbúnað) ef/þegar hlé er gert á starfsemi eða henni hætt á viðkomandi stað.			
209-2.8	Í upphafi ferðar minnir leiðsögumaður viðskiptavini á ábyrga ferðahegðun.			
209-3	Menntun og þjálfun	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
209-3.1	Leiðsögumenn hafa sérhæfða menntun, t.d. viðurkennt leiðsögunám (gönguleiðsögn) og/eða reynslu á því sviði sem viðkomandi ferð snýst um.			
209-3.2	Leiðsögumenn fá þjálfun í notkun tækjabúnaðar m.a. til að geta gefið upp staðsetningu og veitt upplýsingar um aðgengi að því svæði sem farið er um ef kalla þarf eftir aðstoð. Í þjálfuninni skal m.a. fara yfir eftirfarandi: a. Notkun áttavita og korts. b. Notkun GPS staðsetningartækis. c. Notkun viðeigandi fjarskiptamáta fyrir mismunandi svæði, t.d. farsími, talstöð og Tetra.			
209-3.3	Leiðsögumenn hafa lokið námskeiðinu <i>Fyrsta hjálp 1</i> (20 klst.) hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða sambærilegu skyndihjálparnámskeiði* frá viðurkenndum aðila og sækja upprifjunarnámskeið (4 klst.) á tveggja ára fresti.			
209-3.4	A.m.k. einn leiðsögumaður í hverri ferð um óbyggðir**hefur lokið námskeiðinu <i>Vettvangshjálpa í óbyggðum (WFR)</i> hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða sambærilegu námskeiði* hjá öðrum aðila.			

209-3.5	A.m.k. einn leiðsögumaður í hverri ferð um óbyggðir** hefur lokið námskeiðunum <i>Ferðamennska og Rötun</i> hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða sambærilegum námskeiðum* hjá öðrum aðila. <i>Á ekki við í hellum þar sem stutt er í mannað þjónustuhús.</i>			
---------	--	--	--	--

**Ef leiðsögumaður hefur lokið námskeiði frá öðrum aðila þarf að skila skriflegum gögnum varðandi það til úttektaraðila. Gögnin þurfa m.a. að innihalda námskeiðslýsingu og upplýsingar um leiðbeinanda námskeiðsins. Úttektaraðili metur hvort að námskeið teljist sambærilegt.*

***Óbyggðir eru staðir eða svæði þar sem tekur a.m.k. tvær klst. að fá utanaðkomandi bjargir.*

Ath. Að sumri á viðmið 209-3.5 ekki við um F-vegi.